



45. fundur

45. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2024, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar K. Ottósson, Einar Jón Pálsson, Andri Rúnar Sigurðarson, Atli Geir Júlíusson, Jón B Einarsson, Lilja Sigmarsdóttir, Guðmundur Björnsson, Jón Guðnason og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestur fundarins er Anna Sóley Þorsteinsdóttir frá Kanon.

Forföll boðuðu þeir: Björn Ingi Edvardsson, Fannar Jónasson, Davíð Viðarsson, Gunnar A Axelsson, Magnús Stefánsson og Kjartan Már Kjartansson.

Eysteinn Eyjólfsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja.
 - Innviðir, samfélag og náttúruvía.

Beðið er eftir gögnum frá Veðurstofu Íslands vegna náttúruvía á Reykjaneskaganum. Anna Sóley fór yfir tillögur að nöfunum á nýjum atvinnusvæðum. Farið var yfir tölur um fjölda íbúa sem og áætlaða fjölgun til ársins 2040, með það að sjónarmiði að meta íbúðarþörf á Suðurnesjum til ársins 2040. Samkvæmt þeim tölum má gera ráð fyrir því að byggja þurfi 350 íbúðir á Suðurnesjum á hverju ári til ársins 2040.

Búið er að uppfæra kort vegna innviða en þar er búið er að teikna upp mögulegar meginlagnaleiðir. Nefndin sammála um fá frekari upplýsingar frá HS Orku, HS Veitum og Landsneti. Markmið kaflans um samfélag voru rædd en markmið þessa kafla snúa að náttúruvía, loftlagsmálum, útivist, heilsu, sameiginlegri þjónustu, sóknarfærum og samtengingu.

Á næsta fundi nefndarinnar sem haldinn verður 14.05. verður fjallað um auðlindir, loftlagsmál og umhverfismat.

2. Beiðni um umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi Aðaltorgs M12, mál nr. 0346/2024 í skipulagsgátt. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/346>
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemdir við rammahluta aðalskipulags Ásbrúar. LHG minnir á mikilvægi þess að farið sé eftir gildandi aðalskipulagi þegar kemur að hæð bygginga og efnisvali þeirra.



3. Beiðni um umsögn vegna Ásbrúar til framtíðar, rammahluti aðalskipulags, mál nr. 1074/2023 – <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/1074>
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemdir við rammahluta aðalskipulags Ásbrúar. LHG minnir á mikilvægi þess að farið sé eftir gildandi aðalskipulagi þegar kemur að hæð bygginga og efnisvali þeirra.
4. Beiðni um umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi Bolafótar M11, mál nr. 0345/2024. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/345>
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingar á aðalskipulagi Bolafótar.
5. Önnur mál.

Ekki fleiri mál færð til bókar og fundi slitið kl. 17:10.